

VERKHEITI

Kynning skipulagslýsingar vegna vinnu við deiliskipulag og aðalskipulagsbreytingu.

6.11.2024

Umsagnir og viðbrögð

Kynningartími tillögu var frá 6.09.2024 til 28.09.2024

Tafla 1. Efnisatriði umsagna og viðbrögð við þeim

| UMSAGNARAÐILI | EFNISATRÍÐI | VIÐBRÖGÐ |
|------------------------------------|--|---|
| Umhverfisstofnun 10.09.2024 | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins eru vistgerðir með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.</p> <p>Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (Calidris alpina), spói (Numenius phaeopus), þúfutittlingur (Anthus pratensis), hrossagaukur (Gallinago gallinago), jaðrakani (Limosa limosa) og stelkur (Tringa totanus) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé einnig um verndarmarkmið sveitarfélagsins og hugað að mótvægisáðgerðum og endurheimt. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.</p> <p>Deiliskipulag</p> <p>Umhverfisstofnun telur að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til sé hvorki á náttúruverndarsvæðum né á svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Stofnunin áformar því að veita ekki umsögn varðandi tillöguna.</p> | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Umsögninni verður komið á framfæri til skipulagsaðila, honum falið að bregðast við og uppfæra skipulag skv. umsögn áður en deiliskipulagstillaga verður lögð fram.</p> <p>Deiliskipulag</p> <p>Ekki þörf á viðbrögðum</p> |
| Minjastofnun Íslands 23.09.2024 | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Deiliskipulag</p> <p>Skráning menningarminja liggur ekki fyrir innan þessa svæðis sem hér er verið að fjalla um. Aðeins hefur verið tekið sama yfirlit umritaðar heimildir um fornleifar. Fornleifaskráningu þarf að vinna innan deiliskipulagssvæðisins samkvæmt skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands. Engin hús eru á fyrirhuguðu skipulagssvæði og því þarf ekki að skrá hús og mannvirki innan þess. Taka þarf tillit til minja ef þær finnast innan svæðisins</p> | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Deiliskipulag</p> <p>Umsögninni verður komið á framfæri til skipulagsaðila, honum falið að bregðast við og uppfæra skipulag skv. umsögn áður en deiliskipulagstillaga verður lögð fram.</p> |

| | | |
|--|--|--|
| | <p>við útfærslu skipulagsins auk þess sem fjalla þarf um þær og áhrif skipulagsins á þær í greinargerð/umhverfisskýrslu. Útlínur sýnilegra a skulu færðar inn á skipulagsupprátt svo fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna, sem og punktar þar sem ekki sést til minja á yfirborði.</p> <p>Deiliskipulagstillagan þarf svo að koma til umsagnar hjá Minjastofnun þegar skráning liggur fyrir. Í kjölfarið getur Minjastofnun tekið afstöðu til þess hvort menningarminjar séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Rétt er að vekja athygli á því að skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja telst ekki lokið á tilteknu svæði fyrir en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands skv. 15. gr. laga um menningarminjar auk þess sem sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. fornleifa skulu færðar inn á skipulagsupprátt svo fram komi með skýrum hætti</p> | |
| Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra 22.07.2024 | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Deiliskipulag</p> <p>Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra gerir ekki athugasemdir á þessu stigi málsins.</p> | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Deiliskipulag</p> <p>Ekki þörf á viðbrögðum</p> |
| Náttúrufræðistofnun 27.09.2024 | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Nýtt deiliskipulag</p> <p>Svæðið einkennist af mólendi en vítt og breytt um svæðið er einnig að finna talsvert votlendi, þá einkum starungsmýravist, en einnig virðast vera nokkrir litlir blettir af runnamýravist á láglandi. Báðar þessar votlendisvistgerðir hafa mjög hátt verndargildi, eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar og eru forgangsvistgerðir við val svæða á B-lista náttúruminjaskrár.</p> <p>Mólendið er fyrst og fremst fjalldrapamóavist, sem hefur miðlungshátt verndargildi, en inn á milli eru lyngmóavist á láglandi, língresis- og vingulsvist og grasmóavist sem hafa hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins.</p> <p>Náttúrufræðistofnun leggur til að við skipulagsvinnuna verði kannað hvort votlendi sé að finna á skipulagssvæðinu og ef svo er ætti að forðast röskun á því eins og kostur er.</p> | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Deiliskipulag</p> <p>Umsögninni verður komið á framfæri til skipulagsaðila og lagt til að hann bregðist við í samræmi við efni umsagnar.</p> |
| Rarik 17.08.2024 | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>RARIK vekur athygli á að 11kV jarðstrengur liggur samhliða Norðausturvegi í ca. 60-70m fjarlægð frá vegi í norður átt innan þessa svæðis. Hafa þarf samráð við RARIK við deiliskipulag og ef til framkvæmda kemur í nálægð strengsins.</p> | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Umsögninni verður komið á framfæri til skipulagsaðila og hann beðin að hafa þessi atriði í huga við gerð skipulags.</p> |

| | | |
|--|--|--|
| <p>Vegagerðin 27.09.2024</p> | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Norðausturvegur er stofnvegur með hámarkshraða 90 km/klst. Samkvæmt veghönnunarreglum þarf fjarlægð á milli vegamóta því að vera 400 m. Ef óskað er eftir að fjarlægð á milli tenginga sé styttri en segir til um í veghönnunarreglum þarf að sækja um undanþágu til Vegagerðarinnar.</p> <p>Staðsetning og hönnun vegamóta þarf að vera í samráði við og með leyfi Vegagerðarinnar. Samkvæmt vegalögum nr. 80/2007 þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir tengingum við þjóðvegi. Samkvæmt vegalögum þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum mannvirkjum og framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis. Á það við þótt mannvirki eða framkvæmdir séu í samræmi við samþykkt skipulag. Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 má ekki staðsetja íbúðir eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m. Aðrar byggingar skal ekki staðsetja nær þjóðvegum en 50 m. Vegagerðin óskar eftir því að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum skipulagsferils.</p> | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Umsögninni verður komið á framfæri til skipulagsaðila og hann beðin að hafa þessi atriði í huga við gerð skipulags.</p> |
| <p>Skipulagsstofnun 26.09.2024</p> | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Deiliskipulag</p> <p>Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna</p> <p>Einnig er minnt er á að þegar deiliskipulagstillaga verður lögð fram í Skipulagsgátt til athugunar eftir auglýsingu þarf að fylgja afmörkun deiliskipulagsins á stafrænu formi ef við á, fyrir birtingu í Skipulagsvefsjá.</p> | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Umsögninni verður komið á framfæri til skipulagsaðila og hann beðin að hafa þessi atriði í huga við gerð skipulags og útbúa stafrænan grunna áður en aðalskipulagstillaga verður sett fram til athugunar og við vinnslu deiliskipulags.</p> |
| <p>Þjóðkirkjan 27.09.2024</p> | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Deiliskipulag</p> <p>Þjóðkirkjan, sem landeigandi, gerir engar athugasemdir við við fyrirhugaða skipulag og styður þau áform sem fram koma í skipulagstillögum</p> | <p>Aðalskipulagsbreyting</p> <p>Deiliskipulag</p> <p>Ekki þörf á viðbrögðum</p> |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |